

**FYRIRSPURN – Nýi Skerjafjörður / Lóð nr. 16 - Sánagarður**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2025 var lögð fram fyrirspurn Leifs Þorsteinssonar, dags. 29. apríl 2025, ásamt bréfi, dags. 29. apríl 2025, um að setja upp gufuböð og kalda potta ásamt búningaþstöðu á lóð nr. 16 í Nýja Skerjafirði. Einnig er lögð fram loftmynd og fylgiskjöl. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag Nýja Skerjafjarðar – áfangi 1


**Skipulag í gildi**

**Aðalskipulag:** gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, AR2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Lóð nr. 16 er á reit með landnotkun Opin svæði OP6. Samkvæmt sérákvæðum aðalskipulags er svæðið innan framtíðar þróunarsvæðis Vatnsmýrar í nágrenni við landnotkun samfélagsþjónustu (væntanlegs grunnskóla), íbúðarbyggðar og miðsvæða ásamt þjónustukjörnum, sjá kortamynd af aðalskipulagi að ofan. Spildan er hluti af opnu grænu svæði sem tengir Skerjafjörð eftir ási við Vatnsmýri-suður, skilgreint sem borgargarður. Á því svæði er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundaíðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingastöðu.

**Deiliskipulag:** Í gildi deiliskipulag Nýi Skerjafjörður, fyrsti áfangi, fyrst staðfest 9. júlí 2021 í B-deild Stjórnartíðinda auk síðari endurskoðunar, staðfest 2. júní 2023. Samkvæmt skilmálum fyrir lóð nr. 16 er heimild fyrir stakstæðum húsum fyrir frístundastarfsemi og/eða léttri atvinnustarfsemi sem samrýmist íbúðarbyggð.

**Umsögn**

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á því hvort fengist leyfi til þess að seta upp gufuböð og kalda potta ásamt búningaþstöðu á lóð nr. 16 skv. gildandi deiliskipulagi, eða það sem kallað er gufugarð skv. greinargerð sem fylgdi með erindinu, sjá „image“ myndir að neðan:



Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að slík aðstaða fái brautargengi og rísi á þessum stað sem var áður hluti af aðstöðu olíufélagsins Shell / Skeljungur. Bent er á að olíumengun er í jörðu sem verður að bregðast við sbr. greinargerð deiliskipulags og nýlegrar rannsóknar á menguðum jarðvegi á svæðinu.

Bent er á að leita verður eftir samþykkt Reykjavíkurborgar vegna notkunar á landinu / spildunni áður en farið verður í frekari hönnun og undirbúning.

*Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.*

## Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við í erindið

**Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík**